

Alþingi
Erindi nr. P 135/155/
komudagur 25.2.2008



Alþingi, heilbrigðisnefnd
Þórunn María Bjarkadóttir, nefndarritari
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Vegmúla 3 150 Reykjavík
sími: 545 8700 bréfasími: 551 9165
postur@hbr.stjr.is
heilbrigdisraduneyti.is

Reykjavík 20. febrúar 2008
Tilv.: HBR08020174/00.04.03

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um réttindi og stöðu líffæragjafa.

Ráðuneytið þakkar fyrir tækifæri til að gefa umsögn um Tillögu til þingsályktunar um úttekt á réttindum og stöðu líffæragjafa. Þess skal getið að ráðuneytið hefur þegar komið til móts við tillöguna.

Í lok nóvember 2007 settu heilbrigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra á laggimar vinnuhóp sem kanna skyldi stöðu líffæragjafa, einkum með tilliti til greiðslna vegna tímabundinnar óvinnufærni eftir líffæragjöf. Vinnuhópurinn á að skila skýrslu eigi síðar en 1. apríl 2008.

Í vinnuhópnum sitja fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, félagsmálaráðuneytisins, Verslunarmannafélags Reykjavíkur, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneytisins, Bandalags háskólamanna, Tryggingastofnunar ríkisins, landlæknisembættisins, nefndar um líffæraigæðslur, Alþýðusambands Íslands og tveir frá heilbrigðisráðuneyti er annar formaður og hinn ritari nefndarinnar.

Vinnuhópurinn hefur verið að safna gögnum og upplýsingum um stöðu líffæragjafa bæði hér á landi og í nágrannaríkjum og mun gera því skil í skýrslunni. Hópurinn mun leggja fram tillögu að því hvernig hann telur að best sé staðið að því að tryggja réttindi lifandi líffæragjafa og hvernig koma beri til móts við útlagðan kostnað og tekjutap í sambandi við líffæragjöf.

Fyrir hönd ráðherra


Guðrún W. Jensdóttir


Aslaug Einarsdóttir